

Norræn tónlistarfélög gagnrýna AI-samninga plötuútgefenda:

„Byggt á störfum okkar – án samþykkis okkar“

Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og systursamtök þess á Norðurlöndum gefa í dag út sameiginlega yfirlýsingu þar sem þau lýsa yfir alvarlegum áhyggjum vegna vaxandi AI-samstarfs plötuútgefenda við tæknifyrirtæki og stafræna tónlistarþjónustu, þar á meðal Spotify. Yfirlýsinguna styðja einnig FIM (alþjóðasamband stéttarféлага tónlistarflytjenda), IAO (alþjóðasamband tónlistarflytjenda) og BÍL (Bandalag íslenskra listamanna)

Í yfirlýsingunni er bent á að plötuútgefendur hafi farið að leyfa notkun á tónlistarsöfnum sínum í þjálfun gervigreindar og framleiðslu á tilbúinni tónlist — án þess að leita samþykkis þeirra hljómlistarmanna sem hljóðfæraleikurinn og raddirnar eru upprunnar frá. Universal Music Group (UMG) er sérstaklega nefnt sem dæmi, enda hefur félagið þegar gert samninga við AI-fyrirtæki eins og Udio og Spotify og leitar nú jafnframt að nýjum heimildum frá flytjendum í gegnum uppfærðar samningsklásútur — sem bendir til þess að upprunalegu samningarnir hafi aldrei veitt slíkar heimildir.

FÍH og hin norrænu systurfélögin undirstrika sérstaklega stöðu hljómlistarmanna í bakgrunni — þ.e. hljómlistarmanna sem spila á hljóðupptökum án þess að vera nafngreindir á þeim. Réttindi þeirra eru að jafnaði ekki háð skriflegum samningum við plötuútgefendur, og því geta útgefendur ekki komið fram fyrir hönd þegar kemur að leyfisveitingum fyrir gervigreind. Félagin hafna alfarið öllum tilraunum útgefenda varðandi að gera tilkall til réttinda ónafngreindra flytjenda í tengslum við gervigreind.

„Tónlist er ekki bara gögn. Hún er mannleg tjáning, sköpunarkraftur og menning,“

segir í yfirlýsingunni.

FÍH og öll norrænu félögin sem undirrituðu fara fram á að plötuútgefendur, AI-fyrirtæki og stafrænar tónlistarþjónustur taki beinan þátt í samningaviðræðum við fulltrúa hljómlistarmanna og að framtíð gervigreindar í tónlist byggji á kjarasamningum sem tryggji samþykki, gagnsæi, sanngjarna þóknun og virðingu fyrir listrænum réttindum.

Frekari upplýsingar: Gunnar Hrafnsson, formaður FÍH s: 6951123

Undirritunaraðilar:

Sara Indiro

Formaður, Stéttarfélags danskra listamanna og Performex

Thomas Sandberg

Formaður, Stéttarfélag danskra tónlistarflytjenda

Marius Øvrebø-Engemoen

Framkvæmdastjóri, GramArt

Trine Kaae Jorst

Lögfræðingur, Performex

Mia Kari

Formaður, Stéttarfélag finnskra tónlistarflytjenda

Hans Ole Rian

Forseti, CREO

Gunnar Hrafnsson

Formaður, Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)

Karin Inde

Formaður, Stéttarfélag sænskra tónlistarflytjenda

Gunnar Jönsson

Formaður, Stéttarfélag sænskra tónlistarflytjenda í sinfónískri tónlist (Symf)

Stefan Lagrell

Framkvæmdastjóri, SAMI

Simon Norrthon

Forseti, Sænskt félag sviðs- og kvikmyndalistar

Unirritunaraðilar f.h. samtaka sem styðja yfirlýsinguna:

Benoît Machuel

Aðalritari, FIM – Alþjóðasamband stéttarféлага tónlistarflytjenda

Nacho Carcía Vega

Forseti, IAO - Alþjóðasamband tónlistarflytjenda

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Forseti, BÍL - Bandalag íslenskra listamanna